

GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði eystra sbr. 6. gr. 7. tl.
laga nr. 109/1984.**

1. gr.

Eftirlitsgjöld.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, sbr. lög nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, skal greiða gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í 4 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölulið 2. gr. laga nr. 109/1984 skal árlega greiða sem hér segir:

1. flokkur	kr. 5 000
2. flokkur	kr. 10 000
3. flokkur	kr. 20 000
4. flokkur	kr. 30 000

2. gr.

Leyfisgjöld.

Fyrir ný rekstrarleyfi samkvæmt 16. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs sem hér greinir, sbr. skiptingu í flokka á fylgiskjali:

1. flokkur	kr. 1 300
2. flokkur	kr. 2 600
3. flokkur	kr. 5 200
4. flokkur	kr. 7 800

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálf gjald. Ef heilbrigðisfulltrúi metur breytilegar smávægilegar er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið

3. gr.

Gjöld fyrir vottorð.

Fyrir hvert vottorð sem heilbrigðiseftirlitið lætur í té skal greiða kr. 400,00.

4. gr.

Innheimta.

Heilbrigðisfulltrúi semur fyrir hönd svæðisnefndar lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari. Listi þessi skal afhentur viðkomandi sveitarfélögum sem standa skil á eftirlitsgjöldum í sameiginlegan sjóð heilbrigðiseftirlitsins á svæðinu.

Heimilt er sveitarstjórnnum að fela innheimtuna einni eða fleiri sveitarstjórnnum samkvæmt nánara samkomulagi.

Heilbrigðisfulltrúi innheimtir leyfisgjöld og gjöld fyrir vottorð og renna þau í sameiginlegan sjóð eftirlitsins.

5. gr.

Gjalddagi og eindagi.

Gjalddagi eftirlitsgjalda skv. 1. gr. er 1. febrúar og eindagi 1. apríl. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Gjöld samkvæmt 1. og 2. gr. má innheimta með lögtaki.

6. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Norðurlands eystra, sbr. 6. gr. 7. tl. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 109/1984 til þess að öðlast gildi frá 1. janúar 1986 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. janúar 1986.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

Fylgiskjal.**Flokkun fyrirtækja eftir umfangi og gerð:****I.**

Bensínstöðvar
Leiktækjasalir
Gufubaðstofur
Ljósabaðstofur
Lækningastofur
Rakarastofur, hárgreiðslustofur
og aðrar snyrtistofur
Sælgætis- og tóbakssölur
Málningarverslanir
Tannlæknastofur
Torgsala

Annar rekstur sambærilegur

II.

Fangageymslur
Gistiheimili án veitinga
Heilsuræktarstöðvar
Brauðgerð/Brauðsala
Kvikmyndahús
Læknastöðvar
Matsöluvagnar
Mötuneyti (minni)
Neysluvörugeymslur
Nýlenduvöruverslanir
Sælgætisgerðir (minni)
Tækifærisveitingar

Annar rekstur sambærilegur

III.

Brauðgerðarhús
Brauðstofur
Pizzugerðir
Félagsheimili með veitingarekstur
Fiskbúðir
Minni hótél
Ísbúðir/ísgerðir
Íþróttahús með sundlaug
Kjörbúðir/nýlenduvöruverslanir
Leiktækjasalir m/veitingum
Skyndibitastaðir
Stærri samkomuhús og veitingastaðir
Sælgætisgerðir (stærri)
Veislumiðstöðvar
Veitingastaðir
Vinnslustöðvar minni
(kjöt, fiskur, önnur matvæli)

Annar rekstur sambærilegur

IV.

Stórmarkaðir (stærri)
Kjörbúðir
Stór hótél
Stórar matvælavinnslustöðvar
Stór brauðgerðarhús
Mjólkurstöðvar
Vinnuheimili
Tækifærisveitingar vegna
stórsýninga, kaupstefna o.þ.h.
Sjúkrahús II (svæðissjúkrahús,
deildaskipt sjúkrahús, almenn sjúkrahús)
Annar rekstur sambærilegur.